




Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn (1-u0/u1)


Svör framkvæmdaraðila við umsögnum vegna könnunar á matsskyldu

Vegagerðin
Október 2025

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1 Formáli.....	3
2 Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaaðila við þeim.....	4
2.1 Míla	4
2.2 Fiskistofa.....	4
2.3 Benedikt V. Warén, Hamragerði 3, 700 Egilsstöðum	4
2.4 Orkufjarskipti.....	5
2.5 Náttúrufræðistofnun	5
2.6 Umhverfis- og orkustofnun	6
2.7 Náttúruminjasstofnun.....	6

Loftmynd á forsiðu er frá Loftmyndum ehf og er af botni Reyðarfjarðar.



Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í Reyðarfirði er afmörkuð með svörtum ferhyrningi.

1 Formáli

Vegagerðinni hafa borist 9 umsagnir vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda á Hringvegi (1-u0/u1) um Reyðarfjarðarbotn.

Þær eru frá:

1. Mílu, dags. 22.09.2025
2. Fiskistofu, dags. 07.10.2025
3. Landsneti, dags. 13.10.2025
4. Benedikt V. Warén, dags. 13.10.2025
5. Orkufjarskiptum, dags. 20.10.2025
6. Landi og skógum, dags. 20.10.2025
7. Náttúrufræðistofnun, dags. 20.10.2025
8. Umhverfis- og orkustofnun, dags. 22.10.2025
9. Náttúruverndarstofnun, dags. 24.10.2025

Umsagnir Landsnets og Lands og skóga krefjast ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaaðila og því er ekki fjallað nánar um þær hér.

Umsagnir Mílu, Fiskistofu, Benedikts V. Warén, Orkufjarskipta, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Náttúruverndarstofnunar krefjast aftur á móti viðbragða framkvæmdaaðila.

Í eftirfarandi umfjöllun, eru þau efnisatriði umsagnaraðila birt sem þarfnast viðbragða að hálfu framkvæmdaaðila, og svör framkvæmdaaðila við þeim.

Athugasemdir umsagnaraðila og svör framkvæmdaaðila við þeim

2.1 Míla

Í umsögn Mílu (skáletraður texti) kemur eftirfarandi fram:

- Á svæðinu eru lagnir í eigu Mílu. Míla óskar eftir að haft verði samráð við fyrirtækið þegar til framkvæmda kemur.

Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin mun hafa samráð við Mílu vegna lagna fyrirtækisins á svæðinu, áður að framkvæmdum kemur.

2.2 Fiskistofa

Í umsögn Fiskistofu (skáletraður texti) kemur eftirfarandi fram:

- Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin þakkar ábendingu Fiskistofu varðandi framkvæmdaleyfisákvæði 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Vegagerðin mun sækja um framkvæmdaleyfi til Fiskistofu áður en að framkvæmdum kemur.

2.3 Benedikt V. Warén, Hamragerði 3, 700 Egilsstöðum

Í umsögn Benedikts V. (skáletraður texti) kemur eftirfarandi fram:

- Leið Vegagerðarinnar (stjórnvalda) er fyrirhuguð um atvinnusvæði á Reyðarfirði ([1] á meðfylgjandi Fskj.1) og mun valda vegfarendum á norðurleið óþarfa ama á Hringvegi (1). Auk þess að verða lengri í kílómetrum talið, er Fagradalsbrautin frá Búðareyri að Norðurá, háð hraðatakmörkunum og með þröngu hringtorgi, sem að óbreyttu gerir stærri bílum með eftirvagna erfitt fyrir. Önnur útfærsla er hér kynnt um jákvæðari upplifun fyrir vegfarendur ([2] á meðfylgjandi Fskj.1). Þar er lagt til að lega Hringvegur (1) verði innar með tveggja akreina brú á Stuðlaá rétt við þá brú sem þar er og Hringvegur (1) (Suðurfjarðavegur) verði tengdur inn á Fagradalsbrautina við afleggjarann að Sléttunesi 1. Við þessa tillögu sparast, miðað við tillögu Vegagerðarinnar (stjórnvalda), ein brú, eitt ræsi, vegstubbur inn á Þórdalsheiðarveg (936), sjávarfylling í botni Reyðarfjarðar og það sem mest er um vert, flæði umferðarinnar verður mun eðlilegra og verkið í heild ódýrara. Því legg ég hér með til að valin verði leið [2] á meðfylgjandi skýringarmynd.

2.6 Umhverfis- og orkustofnun

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar (*skáletraður texti*) kemur eftirfarandi fram:

- *Umhverfis- og orkustofnun bendir á að fyrirhuguð veglína þverar einnig strandsjávarvatnshlotið Reyðarfjörður–Eskifjörður (102-1349-C) sem verður því fyrir beinum áhrifum af framkvæmdinni...Umhverfis- og orkustofnun telur því nauðsynlegt að áhrifamat á vatnshlot sé framkvæmt og leggur áherslu á að slíkt mat verði unnið eins snemma í undirbúningsferlinu og unnt er. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í áhrifamatinu þurfi að gera ítarlegar grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotin og er tilgangurinn að meta hvort áhrif hennar geti valdið því að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki. Slíkt ítarlegt mat þarf að liggja fyrir áður en leyfi eru gefin út til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027. Umhverfis- og orkustofnun áréttar að áhrifamatið þarf að ná til allra vatnshlota sem framkvæmdin hefur bein eða óbein áhrif á, þ.m.t. vatnshlota utan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Einnig þarf að meta áhrif á það vatn sem ekki tilheyrir sérstöku vatnshloti, ef fyrirséð er að framkvæmdir eða starfsemi muni hafa áhrif á það (sbr. 1 gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011), og nefnir ána Fossá í því samhengi. Áhrifamatið ætti einnig að ná yfir þau vatnshlot sem geta orðið fyrir áhrifum vegna efnistöku, t.d. Stuðlaá 1 (102-1194-R) og Hrútá.*

Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin þakkar ábendingar Umhverfis- og Orkustofnunar varðandi strandsjávarvatnshlotið Reyðarfjörður-Eskifjörður (102-1349-C). Vegagerðin mun gera áhrifamat fyrir öll vatnshlot sem fyrirhuguð framkvæmd mun geta haft bein eða óbein áhrif á, auk vatns sem tilheyrir ekki vatnshloti eins og Fossá. Við matið verður stuðst við þær leiðbeiningar sem stofnunin hefur gefið út um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

2.7 Náttúruuminjastofnun

Í umsögn Náttúruuminjastofnunar (*skáletraður texti*) kemur eftirfarandi fram:

1. *Náttúruverndarstofnun bendir á að leirur njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.*

Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin er kunnugt um það eins og fram kemur í skýrslunni en þakkar ábendinguna.

2. *Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé nánar um votlendið í framkvæmdinni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.*

Svar Vegagerðarinnar: Fyrirhugað framkvæmdasvæði verður afmarkað þröngt. Ekkert votlendi sem nær stærðarviðmiðum í 61. gr. náttúruverndarlaga ($\geq 20.000 \text{ m}^2$) er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Land og skógur sér um framkvæmd endurheimtar votlendis fyrir hönd ríkisins, samkvæmt aðgerðaráætlun í loftslagsmálum frá 2016. Vegagerðin mun endurheimta votlendi í stað þess sem raskast og leita ráðgjafar hjá Landi og skógi varðandi það.

3. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.

Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin mun afla framkvæmdaleyfis eins og kemur fram í kynningarskýrslu.

4. Þar sem framkvæmdasvæðið er kjörið búsvæði margra fugla er mikilvægt að halda framkvæmdum — ef af þeim verður — í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.

Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin þakkar ábendinguna og mun verða í samráði við Náttúrustofu Austurlands varðandi tilhögun verkþátta um svæðið á framkvæmdatíma.

5. Veglína 2 liggur um hlutfallslega meiri þekju vistgerða með hátt/mjög hátt verndargildi og er því líklegri til að hafa meiri áhrif á gróður en veglína 1. Mótvægisáðgerðir eru lagðar fram í formi uppgræðslu og að hefta útbreiðslu lúpínu. Þá telur Náttúrustofan mikilvægt að endurheimta votlendi í takt við það votlendi sem myndi tapast.

Svar Vegagerðarinnar: Sjá svar við lið 2.

6. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur ekki fram hversu mikið votlendi mun raskast vegna framkvæmdarinnar, né hvernig eða hvar endurheimt votlendis verði útfærð. Einnig vantar mat á því hvaða áhrif slík endurheimt á öðrum stöðum gæti haft á umhverfi og vistkerfi þar. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að gera skýra grein fyrir umfangi rasks og meta bæði vistfræðileg áhrif og raunhæfni fyrirhugaðrar endurheimtar áður en framkvæmd hefst.

Svar Vegagerðarinnar: Í kynningarskýrslu, töflu 13 á bls. 50, er tafla með þeim vistgerðum sem eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og verndargildi þeirra vistgerða sem raskast. Þar kemur fram að starungsmýrarvist (L8.9) finnst á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en sú vistgerð er með mjög hátt vernargildi. Henni verður þó ekki raskað vegna framkvæmdarinnar. Að öðru leyti er vísað til svars við lið 2.

7. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi frárennslis- og úrgangsstýringu og fylgjast með breytingum á fuglalífi og ástandi leira og fjöru við Hjallaleiru.

Svar Vegagerðarinnar: Vegagerðin álitur að frárennslis- og úrgangsstýring Hjallaleiru sé ekki verkefni Vegagerðarinnar. Ef krafist verður vöktunar á fuglalífi og leiru og fjöru vegna samlegðaráhrifa starfseminnar á Hjallaleiru og vegagerðar um botn Reyðarfjarðar ætti að skoða það í samstarfi við fyrirtækin á Hjallaleiru.

8. Stofnunin leggur áherslu á að útivistargildi svæðisins verði tekið til sérstakrar skoðunar, bæði við áframhaldandi hönnun vegarins og í skipulagsvinnu sveitarfélagsins. Nauðsynlegt er að tryggja aðgengi að fjörunni og tengsl við reiðleiðir og gönguleiðir haldist, svo svæðið geti áfram nýst til frístunda og útivistar.

Svar Vegagerðarinnar: Aðgengi að fjörunni vegna nýs vegar mun ekki breytast frá því sem nú er. Vegagerðin mun tryggja aðgengi í samráði við sveitarfélagið. Hvað varðar skipulagsmál svæðisins eru þau í höndum sveitarfélagsins.

9. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að sveitarfélagið hafi lagt áherslu á að færa nýjan veg upp fyrir tún og ræktarlönd Sléttu. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að slíkt aðgengi sé tryggt, þar sem bændur um allt land nýta þjóðvegi og tengivegi til að komast að beitolöndum og túnsvæðum. Viðá um land þurfa bændur og aðrir landeigendur að þvera þjóðvegi til að komast að löndum sínum. Engin efnisleg rök liggja fyrir um nauðsyn þess að færa veginn frá núverandi legu til að tryggja aðgengi, þar sem núverandi vegur þjónar þegar aðkomu að landi og búrekstri á svæðinu. Við áframhaldandi hönnun þarf að gera grein fyrir hvernig slíkt aðgengi verði tryggt, t.d. með undirgöngum, tengivegum eða öðrum varanlegum lausnum sem viðhalda tengingu milli bæjarlands og ræktarlönda. Slík undirgöng gætu jafnframt nýst fyrir búfé, landbúnaðartæki og hestamennsku.

Svar Vegagerðarinnar: Markmið vegalaga nr. 80/2007 er að setja reglur um vegi og veghald til að stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. Þverun þjóðvega á búvélum getur ógnað umferðaröryggi og er því ekki í samræmi við vegalög. Því er mikilvægt, þar sem það er hægt, að draga úr akstri búvéla á þjóðvegum. Hvað varðar að setja undirgöng í veginn fyrir búvélar, búfé og hestamennsku, er það nær útilokað nema með verulegu raski, þar sem hann liggur á flötu landi á láglendi.

RE: Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn - umsögn Hafrannsóknastofnunar

Til : Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS <Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is>
Frá : Sóley Jónasdóttir - VG <soley.jonasdottir@vegagerdin.is>
Heiti : RE: Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn - umsögn Hafrannsóknastofnunar
Málsnúmer : 202509039
Málsaðili : Vegagerðin - Hafnarfirði
Skráð dags : 06.01.2026 13:58:28
Höfundur : Sóley Jónasdóttir - VG <soley.jonasdottir@vegagerdin.is>

Sæl Jóhanna

Takk fyrir þessar upplýsingar. Það er e.t.v. lítið sem þarf að bregðast við nema eftirfarandi málsgrein hafrannsóknastofnunar (skáletrað):

Hafrannsóknastofnun telur að fyrirbyggjandi gögn liggi fyrir varðandi áhrif á vatnalífriki af völdum ræsis og

brúa. Aftur á móti sé óvissa er um áhrif efnistöku sem fyrirhuguð er við Stuðlaá og Hrútá. Ekki hefur farið fram úttekt á lífríkinu í Stuðlaá síðan árið 2000 og ekki liggja fyrir upplýsingar um stöðu lífríkis í Hrútá. Efnistaka hefur verið um árabíl úr mörgum ám á Austfjörðunum þ.m.t. Reyðarfirði. Mikilvægt er að meta hvort ráðgerð efnistaka í eða við ár samræmist lögum nr. 36/2011 um stjórn Vatnamála. Það er því ekki hægt að meta áhrif efnistöku út frá fyrirbyggjandi gögnum.

Svar Vegagerðarinnar: Áður en framkvæmdir hefjast verður metið hvort ráðgerð efnistaka í eða við ár samræmist lögum nr. 36/2011 um stjórn Vatnamála.

Heldurðu að þetta nægi?

Bestu kveðjur Sóley

From: Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS
Sent: þriðjudagur, 6. janúar 2026 13:48
To: Sóley Jónasdóttir - VG
Subject: Hringvegur um Reyðarfjarðarbotn - umsögn Hafrannsóknastofnunar

Sæl Sóley

Við erum að leggja lokahönd á ákvörðun varðandi ofangreinda framkvæmd en við tókum eftir að umsögn Hafrannsóknastofnunar (sem er hér í viðhengi) barst sama dag og þið senduð viðbrögð við umsögnum og hefur henni ekki verið svarað. Viljið þið svara henni?

Við erum að stefna á að ná að klára ákvörðunina í næstu viku.

Með kveðju,
Jóhanna Hrund

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessments
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland